

Sýnataka með bómullarpinum vegna talningar:

1. Munið að sótthreinsa hendur, eða fara í einnota hanska og sótthreinsa fyrir sýnatöku.
2. Sýnatökuglas skal vera lokað þar til sýnataka hefst og umbúðir utan um pinna órofnar.
 - Þegar sýnatökuglasið er opnað þarf að passa að snerta ekki lokið að innan eða brún ílátsins.
 - Opna skal þokann með bómullarpinnunum við þann enda sem enginn bómull er og halda aftarlega í pinnann.
 - i. Varast skal að snerta pinnann neðarlega og ekki láta hann snerta neitt annað en sýnatökusvæðið.
3. Pinnanum er dýft í sterílt vatn til að bleyta í honum.
 - Ef taka á fleiri en eitt sýni, verður að passa vel að menga ekki glasið með vökvanum, nota steríl vinnubrögð og dýfa aðeins ónotuðum (sterílum) pinna í vökvann.
4. Pinnanum er rúllað vel um allt sýnatökusvæðið, þversum og langsum.
5. Pinnanum stungið ofan í dauðhreinsað glas. (Ef pinni er langur, hann þá brotinn þannig að bómullarhnoðrinn fer ofan í glasið og ekkert af spýttunni standi upp úr).
6. Lokið skrúfað þétt á sýnaglas.
7. Skrifa skal niður eftirfarandi upplýsingar og senda með sýninu:
 - a) Dagsetningu sýnatöku.
 - b) Af hvaða fleti/svæði/skrokk var verið að taka sýni.
 - c) Hvað margir penslar eru í hverju sýnaglassi (ef safnsýni).
 - d) Flatarmál (cm²) þess svæðis sem hverjum pensli er strokið eftir.
 - e) Hvort viðkomandi vill líka fá niðurstöður sem log(10) (logaritma) af niðurstöðu.
 - f) Upplýsingar um sýnatökuaðila og greiðanda reiknings.
8. Sent sem fyrst til rannsóknarstofu í kældum umbúðum.

Sýnataka með svömpum vegna talningar:

1. Munið að sótthreinsa hendur, eða fara í einnota hanska og sótthreinsa fyrir sýnatöku.
2. Sýnatökupoki með svampi skal vera lokaður þar til sýnataka hefst.
 - a. Rífa þarf af efsta hluta sýnapoka (gatað) og passa að snerta ekki brún pokans sem verið er að rífa af.
 - b. Opna skal pokann með því að taka utan á pokanum og opna út á við,
 - i. Passa að fara ekki með fingur á brún pokans, eða innan í pokann.
 - c. Spritta hendur/hanska áður en svampur er tekinn úr pokanum. og ekki láta hann snerta neitt annað en sýnatökusvæðið.
3. Svampnum er nuddað vel um allt sýnatökusvæðið, þversum og langsum og nota skal báðar hliðar svampsins.
4. Svampnum er stungið aftur ofan í sýnapokann og hann klemmdur saman til að loka.
5. Skrifa skal á sýnapokann eftirfarandi upplýsingar:
 - a. Dagsetningu sýnatöku.
 - b. Af hvaða fleti/svæði/skrokk var verið að taka sýni.
 - c. Flatarmál (cm²) þess svæðis sem hverjum svampi er strokið eftir.
 - d. Hvort viðkomandi vill líka fá niðurstöður sem log(10) (logaritma) af niðurstöðu.
 - e. Upplýsingar um sýnatökuaðila og greiðanda reiknings.
6. Sent sem fyrst til rannsóknarstofu í kældum umbúðum.